

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Syðri-Hraundalur 2, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Syðri-Hraundal 2. Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdrætti dags. 25. júní 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að tjaldstæði og samkomusvæði verði tekið út og breytist greinargerðin sem því nemur. Óveruleg færsla er gerð á byggingarreit og lóðamörkum Hraunteigs 1, byggingarreitur færður úr ósnertu hrauni yfir á jafnað land og aðgengi að Hraundalsrétt gert greiðara. Nágrannar gera ekki athugasemd við breytingu.

Breytingartillagan er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010–2022. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 27. ágúst 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. september 2019